



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Erindi nr. P 139/2263
komudagur 5.5.2011



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Reykjavík, 5. maí 2011

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 65/2007, um losun gróðurhúsa-lofttegunda (viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir), 710. mál.

Samtök atvinnulífsins og Samtök ferðapjónustunnar styðja efni frumvarps þessa og hvetja til að það verði að lögum sem fyrst.

Með frumvarpinu er hafin innleiðing viðamikilla breytinga á viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir. Grunntilskipunin hefur þegar verið innleidd í íslenskan rétt en þá var gengið frá því að þau örfáu fyrirtæki sem undir hana féllu fengju undanþágu til loka 2012. Flugrekstur mun falla undir kerfið frá árinu 2012 og orkufrekur iðnaður frá 2013. Tilskipunin sem fjallar um flugreksturinn er orðin hluti af EES-samningnum en þær tilskipanir sem varða orkufrekan iðnað eru enn ekki hluti samningsins.

Rétt er að minna á að flugsamgöngur eru mikilvægari hluti innviða íslensks samfélags en á við í nokkru öðru ríki á evrópska efnahagssvæðinu. Þannig mun tilskipunin ekki hafa tilætluð áhrif hér á landi þar sem ekki er til að dreifa járnbrautum eða neinum öðrum leiðum til fólksflutninga milli landa en flugsamgöngum. Áhrif tilskipunarinnar verða þannig einungis þau að gera ferðalög dýrari og auka kostnað við að flytja vörur til og frá landinu. Æskilegt hefði verið að í tilskipuninni hefði verið tekið tillit til einstakra hagsmuna eins og hér um ræðir. Mikilvægt er að stjórnvöld haldi vöku sinni og þegar kemur að því að meta áhrif hennar að einhverjum tíma liðnum þá verði hagsmunum Íslands haldið á lofti.

Unnt hefði verið að vega að nokkru á móti neikvæðum áhrifum tilskipunarinnar með því að freista þess að fá undanþágu fyrir innanlandsflug hér á landi m.a. að á þeim forsendum að hér er um að ræða umhverfisvænan valkost sem kemur í stað járnbrauta í öðrum ríkjum og að aðrar almenningssamgöngur eru vart í boði.

Að þessu sögðu er óviðunandi hve langan tíma hefur tekið að fella tilskipanirnar að EES-samningnum en tilskipun um flugsamgöngur (2008/101) var gefin út í nóvember 2008 og megintilskipunin (2009/29/EB) um orkufrekan iðnað var gefin út í apríl 2009. Sú tilskipun varðar miklu um jöfn samkeppnisskilyrði iðnfyrirtækja á evrópska efnahagssvæðinu. Það er mjög erfitt fyrir íslensk fyrirtæki þegar þröngir tímafreistir og langur aðdragandi að lagasetningu skapar óþarfa óvissu í rekstri þeirra. Það er þó rétt að taka fram að Umhverfisstofnun hefur kynnt efni frumvarpsins og tilskipananna fyrir viðkomandi fyrirtækjum á fundum og með upplýsingagjöf.

Með frumvarpinu sem hér er til umfjöllunar er fyrst og fremst verið að innleiða reglur sem tengjast flugrekstri og byggir það alfarið á tilskipun ESB. Einnig er öðrum fyrirtækjum sem falla munu undir kerfið frá 2013 gert að sækja um losunarleyfi fyrir mállök og er það gert til að ekki tapist neinn réttur til úthlutunar losunarheimilda en tímafreistir allir eru að verða mjög þröngir.



Samtökin benda á að samkvæmt reglugerð ESB nr. 394/2011 frá 20. apríl sl. þurfa íslensk umhverfisyfirvöld að hafa umsjón með alls um 170 flugrekstraraðilum sem undir viðskiptakerfið falla. Einungis lítill hluti þeirra hefur aðsetur hér á landi og er mikilvægt að tryggja að íslensk fyrirtæki þurfi ekki að standa undir kostnaði sem stafar vegna annarra. Því er lagt til að drög að gjaldskrá ásamt rökstuðningi (sbr. 7. gr. f. (14. gr. f.)) verði send hagsmunaaðilum til umsagnar með mánaðarfyrirvara.

Einnig er lagt til að bætt verði inn ákvæði um að tekjum að uppboðum á losunarheimildum vegna flugrekstrar umfram beinan kostnað verði varið til tækniþróunar og annarra verkefna sem dregið geta úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá flugsamgöngum en verði ekki að almennri skattheimtu ríkissjóðs.

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Vilhjálmur Egilsson

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Erna Hauksdóttir